

Námsáætlun fyrir íslensku - 6. bekkur



Tímafloði: 8 kennslustundi á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p>Talað mál, hlustun og áhorf</p>	<p>Að nemandi geti með leiðsögn og stuðningi :</p> <ul style="list-style-type: none"> • tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar frásagnar, • tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, • tekið þátt í samræðum • hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá upplifun sinni, • nýtt sér myndefni og rafrænt efni, • átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi, 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur æfa framsögn með ýmsum hætti t.d. lesa upp ljóð og/eða stutta texta og fá leiðbeiningar um vandaðan upplestur. • Við lestur námsbóka, í kennslustundum og á bekkjarfundum fá nemendur þjálfun í að taka þátt í umræðum um hin ýmsu málefni og mikilvægi þess að virða skoðanir annarra. • Nemendur æfa sig í að koma fram í leikþáttum, hlutverkaleikjum eða segja frá. • Í umræðum á bekkjarfundum, í kennslustundum og hlutverkaleikjum er lögð áhersla á mikilvægi hlustenda og áhorfenda og að þeir horfi og/eða hlusti með athygli og á ganrýnin hátt. • Nemendur fá tækifæri á að horfa á myndbönd sem tengjast námsefni. 	<p>Leiðsagnarmat</p>

<p>Lestur og bókmenntir</p>	<p>Að nemandi öðlist hæfni í að :</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesa texta við hæfi með góðum hraða og skilningi, lagt mat á hann og túlkað, • nota þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta, • greina og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta, • lesa sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann, • lesa gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum, • greina nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning; svo sem tíma, sjónarhorn, sögusvið og boðskap, • beita nokkrum hugtökum til að til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, líkingar og boðskap, • afla upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna og lagt nokkurt mat á trúverðugleika upplýsinga, • lesa úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær. 	<ul style="list-style-type: none"> • Lögð verður áhersla á að nemendur auki lestrarhraða sinn. Nemendur lesa heima daglega í 15 mínútur upphátt fyrir foreldra/forráðamenn. • Yndislestur er flesta daga í skólanum. Þá lesa nemendur í bók að eigin vali. • Hraðlestraræfingar verða hafðar annað slagið, mínútuspjöld og fjölbreyttir textar lesnir. • Lestraráttak verður a.m.k. tvisvar sinnum yfir skólaárið. • Nemendur þjálfast í lesskilningi með því að hlusta á texta og vinna verkefni og/eða svara spurningum úr þeim. Unnið er með mismunandi texta s.s. leikrit og þjóðsögur. • Nemendur læra vísur og ljóð eftir íslenska höfunda utanbókar til söngs og annars munllegs flutnings. 	<p>Lestrarpróf verða lögð fyrir þrisvar sinnum yfir skólaárið.</p> <p>Lesskilningur kannaður 8 sinnum yfir skólaárið.</p>
------------------------------------	--	--	---

<p>Ritun</p>	<p>Að nemendur ölist hæfni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifa læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur, • velja textategund, skipuleggja og orða texta, s.s. sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni, • semja texta þar sem beitt er eigin sköpun, njóta þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veita öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa, • beita helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar, • skrifa texta á tölvu og beitt nokrum aðgerðum í ritvinnslu • skrifa texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur eru þjálfaðir í að segja sögur með atburðarás og lesa uppúr eigin verkum þar sem áhersla verður lögð á hrynjanda og tilfinningu í töluðu jafnt sem rituðu máli. • Nemendur skrifa eftir forskrift. • Áhersla verður lögð á góða ritun og tengiskrift. • Stafsetning er þjálfuð markvisst. Þá eru unnar æfingar, skrifaðir textar og reglur kenndar og þjálfadar. 	<p>Skriptarpróf tvisvar yfir skólaárið, auk þess er skriptarbók metin.</p> <p>Ritun er metin með símati.</p> <p>Stafsetning verkefnabækur eru metnar.</p>
<p>Málfræði</p>	<p>Að nemandi öðlist hæfni í að :</p> <ul style="list-style-type: none"> • gera sér nokkra grein fyrir eigin máli, • nota ríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og og ritun, • nýta sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál, 	<p>Kennsla í málfræði tengist fjölbreyttri verkefnavinnu sem miðar öll að því að efla almenna þekkingu og tilfinningu nemenda fyrir móðurmálinu.</p>	<p>Málfræðipróf verða tvisvar sinnum yfir skólaárið</p> <p>Leiðsagnarmat</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • átta sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra, • nota orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta, • beita þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins, • beita þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðunni um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað, • nýta orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta, • gera sér grein fyrir notkun íslkenskrar málfræði 	<p>Nemendur vinna með tungumálið á ýmsan hátt, t.d. með sögum, myndasögum, krossgátum, og ýmsum orðaleikjum.</p> <p>Unnið er með orðflokkana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð út frá helstu einkennum þeirra með margvíslegri verkefnavinnu.</p> <p>Lögð er áhersla á vandaðan frágang allra verkefna.</p>	<p>Verkefni metin</p>
<p>Lokanámsmat: Símat.</p> <p>Einkunnir gefnar með A, B+, B, C+, C, D eða ólokið.</p>			